

Fundargerð 317. stjórnarfundar Stjórnvísí

Verkefni: 317. stjórnarfundur Stjórnvísí haldinn á Teams 6.september 2022.

1. Fyrirmyndarfyrirtæki afhending viðurkenninga 26. ágúst kl.12:00-13:00 á Nauthól – hvað gekk vel – hvað má betur fara?
2. Kick off fundur 31. ágúst í Grósku kl.08:45-09:40 – hvað gekk vel – hvað má betur fara?
3. Dagskrá faghópa var send var út 2. september sl. tæplega 200 viðburðir.
4. Fjárhagsstaða Stjórnvísí.
5. Haustráðstefna þriðjudaginn 11.október kl.09:00-11:00 á Grand Hótel – Beint streymi.
 - a. Fundarstjóri – er allt staðfest?
 - b. Fyrirlesarar – er allt staðfest?
6. Lög félagsins yfirfarin og siðareglur.
7. Fréttir af faghópum.
8. Staða verkefna (áhersluverkefna og annarra verkefna)
9. Önnur mál

Dags.fundar: 6.sept. 2022	Tími: 11:00-12:00	Nr. fundar: 317
Fundarboðari: SH	Fundarritari: GA	Staður: Teams

Viðstaddir: Gunnhildur Arnardóttir, Haraldur Bjarnason, Ósk Heiða Sveinsdóttir, Sigríður Harðardóttir, Stefán Hrafn Hagalín, Baldur Vignir Karlsson, Auður Daníelsdóttir, Lilja Gunnarsdóttir, Laufey Guðmundsdóttir

Fjarverandi: Falasteen Abu Libdeh

Gestir:

Samantekt og niðurstaða fundar

1. **Fyrirmyndarfyrirtæki** Afhending viðurkenninga fór fram 26. ágúst kl.12:00-13:00 á Nauthól. Athöfnin gekk vel fyrir sig og tók tæplega 50 mínútur í heildina enda vant fólk á ferð og skiptu SA, VI, Kauphöllin og Stjórnvísí með sér verkum. Magnús Harðarson forstjóri Kauphallarinnar flutti einstaklega áhugavert erindi sem sett var inn á vefinn og myndum var strax deilt til allra 16 aðilanna sem fengu viðurkenningu og fréttatilkynning send á alla fjölmiðla. Fjöldi miðla birti frétt af viðburðinum. Boðið var upp á hádegisverð.
2. **Kick off fundur** var haldinn 31.ágúst kl.08:45-09:40 í GRÓSKU en þema Stjórnvísí árið 2022-2023 er GRÓSKA. Meginmarkmið þessa fundar var að stilla saman strengi fyrir veturinn, fara létt yfir mælaborð, NPS skor, siðareglur og fleira sem léttir

stjórnendum lífið. Framkvæmdastjóri félagsins setti fundinn og kynnti dagskrá vetrarins og hlutverk stjórna faghópa. Formaður stjórnar fór í framhaldi yfir framtíðarsýn, meginmarkmið stjórnar, stjórn og kynnti ítarlega mælaborð félagsins. Einnig hvatti hann til þess að stjórnir nýttu sér að fara saman út að borða í boði félagsins. Stjórnarmaður í stjórn félagsins Lilja Gunnarsdóttir fór að lokum yfir praktískt atriði. Síðan voru allir hvattir til að ræða saman á borðum og þá gefst öllum tækifæri til að hitta aðra faghópa á speed-date.

3. **Fjárhagstaða Stjórnvísí.** Áætlun má alltaf skoða inn á vefnum, er aðgengileg stjórn og uppfærð reglulega. Áætlun ársins 2022 gerði ráð fyrir tekjuaukningu úr 23millj. í 27millj. af félagsgjöldum. Tekjur eru nú komnar í 30,5 millj. Öll félagsgjöld eru innheimt fyrir árið. Fjárhagsstaðan er því umfram áætlun sem er jákvætt.
4. **Haustráðstefna Stjórnvísí 11.október kl.09:00-11:00** á Grand Hótel í beinu streymi. Þema ráðstefnunnar: "GRÓSKA"
Ráðstefnustjóri: Salóme Guðmundsdóttir, stjórnarmaður hjá Eyri Ventures

Pallborðsstjórnandi: Stefán Hrafn Hagalín, forstöðumaður samskipta og markaðsmála hjá Háskólanum í Reykjavík

Dagskrá:

09:00 Formaður stjórnar Stjórnvísí Sigríður Harðardóttir, mannauðs-og gæðastjóri Strætó setur ráðstefnuna.

09:10 FYRIRLESTUR: Gísli Herjólfsson, forstjóri Controlant.

09:30 SPJALL: Ölgerðin og Veritas.

09:55 FYRIRLESTUR: Berglind Ósk Bergsdóttir, notendamiðaður textasmiður. - Hefurðu upplifað loddaralíðan? (Imposter syndrome)

10:15 FYRIRLESTUR: Matti Ósvald Stefánsson, heilsufræðingur og atvinnumarkþjálfari. - Fjórar stoðir persónulegs vaxtar/grósku.

10:35 FYRIRLESTUR: Auður Danielsdóttir, forstjóri Orkunnar.

Sigríður Harðardóttir sviðsstjóri mannauðs-og gæðasviðs Strætó, formaður stjórnar Stjórnvísí setur ráðstefnuna kl. 09:00. Því næst munu verða flutt erindi og pallborðsumræður. Örstutt hlé verður gert eftir hvern fyrirlestur/pallborðsumræður þar sem ráðstefnugestir eru hvattir til að fara inn á "Slido" og skrá þar í einni setningu hver er þeirra helsti lærdómur af hverju erindi/pallborðsumræðu fyrir sig.

5. **Lög félagsins yfirfarin og siðareglur.** Formaður stjórnar Sigríður Harðardóttir renndi yfir lög félagsins og siðareglur. Í framhaldi voru allir í stjórn hvattir til að kynna sér enn betur lög og siðareglurnar og verða þau rædd og yfirfarin á næsta stjórnarfund. Þá kom upp hugmynd um að fara yfir alla texta á síðu www.stjornvisi.is með tilliti til þess að Stjórnvísí væri fyrirmynd í því að nota málfar í takt við tímann eins og að tala um „fólk“ í stað þess að nota „menn“. Framkvæmdastjóri mun hafa samband við Berglindi Ósk sem er helsti sérfræðingur landsins í þessum málum og athuga hvort hún sé tilbúin til að taka verkefnið að sér. Berglind Ósk verður með erindi á haustráðstefnu Stjórnvísí um Imposter Syndrome.

6. **Fréttir af faghópum.** Mikil gróska er í faghópum félagsins og verða þrjár fundir á morgun. Mæting er góð, yfir 200 hafa bókað sig á einn fundinn.
7. **Önnur mál.**
 - Halda fund með öllum þeim sem koma að haustráðstefnunni tveimur vikum fyrir ráðstefnuna.
 - Allir í stjórn fundi vegna áhersluverkefna sem fyrst

8. **Staða verkefna** (áhersluverkefna og annarra verkefna).

Áhersluverkefni stjórnar 2022-2023

Valin voru þrjú áhersluverkefni – í hverju felast þau? – hverjir eru mælikvarðar?

oo= rauntíma mælaborð á síðu Stjórnvísí www.stjornvisi.is

ooo= mælt árlega í viðhorfskönnun til félagsmanna

1. **Ásýnd og vöxtur:** Ábyrgðaraðilar eru **Stefán Hrafn, Haraldur og Ósk Heiða.**

- Fjölgun fyrirtækja oo
- Fjölgun fyrirtækja með 200 eða fleiri starfsmenn oo
- Fjölgun fyrirtækja með 100-199 starfsmenn oo
- Fjölgun á heildarfjölda notenda (innri markaðssetning fyrirtækja) oo
- Fjölgun virkra félaga oo
- Fjölgun nýrra virkra félaga oo
- Aukning á nýskráningum í mánuðinum oo
- Fjölgun nýrra háskólanema oo
- Fagmennska sé ávallt höfð að leiðarljósi í öllum störfum ooo
- Stjórn eflí og viðhaldi trausti á félagið með fagmennsku að leiðarljósi og starfi skv. stefnu félagsins ooo
- Stjórnvísí sé áhugaverður og sýnilegur vettvangur umfjöllunar um faglega stjórnun, miðlun þekkingar og reynslu ooo
- Stjórnvísí þróist í takt við síbreytilegar áherslur og kröfur félagsmanna, atvinnulífsins og samfélagsins ooo
- Framsæknir og hæfir einstaklingar starfi af heilindum fyrir félagið ooo
- Framkvæmdastjóri félagsins hafi leiðtogaþæfileika sé styðjandi og virkur ooo

2. **Stuðningur við stjórnir faghópa:** Ábyrgðaraðilar eru: Lilja, Auður og Falasteen.

- Fjölgun viðburða oo
- Fjölgun félaga á fundum oo
- Aukning á virkni faghópa oo
- Aukning á félagafjölda í faghópum oo
- Aukning á virkum fyrirtækjum oo
- Viðburðir séu sýnilegir og auglýstir tímanlega ooo

- Hækkun á NPS skori oo
- Félagar upplifi sig auðugri af þekkingu um stjórnun og leiðtogafærni ooo
- Félagar öðlist aukið tengslanet með þátttöku í félaginu ooo
- Ábendingar eigi sér skýran farveg ooo
- Stöðugt sé unnið að umbótum ooo
- Í upphafi hvers fundar bendi ábyrgðaraðilar á að eftir fundinn verði send út stutt könnun. Allir hvattir til að gefa sér örstutta stund og svara. Þar er tilvalið að koma með ábendingu um hvað betur má fara.
- Stjórn sé í reglulegu og góðu sambandi við stjórnir faghópanna ooo
- Verkferlar félagsins fyrir stjórnir faghópa, faghópafundi og ráðstefnuhald eru skráðir og unnið eftir þeim. ooo
- Myndbönd
- Stafræn fræðsla

3. **3. Útrás/Gróska:** Ábyrgðaraðilar: Baldur, Laufey, Sigríður

- Dagskrá Stjórnvísi verði aðgengileg fyrir alla landsbyggðina
- Fjölgun fyrirtækja á landsbyggðinni
- Fjölgun kynninga og fyrirlesara af landsbyggðinni
- Fjölgun erlendra fyrirlesara